

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðilæknishjálpi,
rannsóknnum og röntgengreiningu.

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða nýkr. 33 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu nýkr. 33 hvernar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu nýkr. 33 af kosnaði við hverja röntgengreiningu.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gjald þ. e. a. s. nýkr. 16.50 í hvert skipti.

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr., skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálpi, rannsóknnum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 572/1980 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. desember 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt fyrir Sparisjóð Kópavogs nr. 170
9. október 1959, sbr. og samþykkt nr. 58 19. maí 1961.

1. gr.

1. og 2. ml. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 3 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna (eða stofnfjareigenda), en hinir 2 af bæjarstjórn á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til 1 árs.

2. gr.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 15. desember 1980.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Björn Lindal.